

Götulisti fyrir malbiksyfirlagnir 2022

Fyrstu drög 13.4.2022

Vakin er athygli á því að listinn getur tekið lítilsháttar breytingum ef ástand gatna breytist og seinni ástandsskoðun leiði í ljós að niðurbrot annarra gatna sé hraðara en gert var ráð fyrir þegar fyrstu drög voru gerð.

1. Kópavogsbraut

Um er að ræða nyrðri akrein götunnar á milli Urðarbrautar og Kópavarar fyrir utan að við gatnamót Kópavarar og Kópavogsbrautar skal fræsa og leggja malbik á báðar akreinar að gatnamótunum meðtöldum.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er 2.000 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 11 mm steinstærð og fræsing 28 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 40 mm fullþjappað AC11 (ÁDU 8.000-15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.

Við gatnamót Kópavogsbrautar og Kópavarar er upphækkuð hellulögð gönguþverun sem þarf að endurnýja samhliða malbiksframkvæmdum og skal tímasetning vera í samráði við verkkaupa.



Kópavogsbraut vestur



Kópavogsbraut austur

2. Dalvegur

Um er að ræða báðar akreina á götuhluta á milli hringtorgs við inn- og útakstur að Smáratorg og hringtorgs við Skógarlind með helming af hringtorgi meðtöldu.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 1.600 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 16 mm steinastærð og fræsing 43 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin og leggja 45 mm fullþjappað AC16 (ÁDU > 15.000) ljóst malbiksslitlag með íblöndun fjölíða á götu.



3. Skemmuvegur

Um er að ræða báðar akreinar Skemmuvegi á milli hringtorgs við Byko og rauðrar götu við Skemmuveg 66 með stútum við gatnamót meðtöldum.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 2.000 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 11 mm steinastærð og fræsing 28 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 40 mm fullþjappað AC11 (ÁDU 8.000-15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

4. Grænatunga


Um er að ræða báðar akreina á milli Digranesvegur og Hlíðarvegur

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 1.800 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 11 mm steinastærð og fræsing 28 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 40 mm fullþjappað AC11 (ÁDU 8.000-15.000) dökkt malbiksslitlag á götu.

Til stendur að breyta gatnamótum Hraunbrautar og Grænutungu og skal framkvæmdin taka mið af að þeim breytingum sé lokið



5. Vatnsendavegur - Kóratorg

Um er að ræða hringtorg á Vatnsendavegi við Hörðuvallaskóla

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 1.100 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 16 mm steinstærð og fræsing 43 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin og leggja 45 mm fullþjappað AC16 (ÁDU > 15.000) ljóst malbiksslitlag með íblöndun fjölliða á götu.

Um er að ræða umferðarþunga götu og skulu merkingar taka tillit til þessa, hjáleiðir vel merktar og lokanir tilkynntar með minnst sólarhrings fyrirvara.



6. Vatnsendavegur


Um er að ræða götuhluta á milli hringtorga við Baugakór og Kóravegar.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal yfirleggja er um 1.200 m².

Leggja skal yfirlag á götuna á milli kantsteina. Fræsa skal lása þar sem malbik leggst að eldra malbiki og steinlögðum gangbrautum og skulu lásarnir vera það breiðir að yfirgangur finnist ekki. Miða skal við að breidd lása sé ekki minni en 1,2 m. Þrífa skal götuna áður en hún er límborin.

Verktaki skal taka brunna, spindla og niðurföll í réttar hæðir og leggja 45 mm fullþjappað AC16 (ÁDU > 15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.

Um er að ræða umferðarþunga götu og skulu merkingar taka tillit til þessa, hjáleiðir vel merktar og lokanir tilkynntar með minnst sólarhrings fyrirvara.



7. Fífuhvamsvegur - Lindahverfi


Um er að ræða báðar akreinar á götuhluta á milli Lindarvegar og Hlíðardalsvegar að frátöldum beygjuakreinum.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 3.700 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 16 mm steinastærð og fræsing 43 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 45 mm fullþjappað AC16 (ÁDU > 15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.

Um er að ræða umferðarþunga götu og skulu merkingar taka tillit til þessa, hjáleidir vel merktar og lokanir tilkynntar með minnst sólarhrings fyrirvara.



8. Bæjarlind

Um er að ræða götuhluta milli húsa nr. 1-3 og 14-16.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 950 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 11 mm steinastærð og fræsing 28 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 40 mm fullþjappað AC11 (ÁDU 8.000-15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.

Um er að ræða fjölfarna götu og skulu merkingar taka tillit til þessa, hjáleiðir vel merktar og lokanir tilkynntar með minnst sólarhrings fyrirvara.



9. Hamraborg - miðbær

Um er að ræða götuhluta Hamraborgar sem liggur í gegnum miðbæjarsvæði.


Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 960 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 11 mm steinastærð og fræsing 28 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 40 mm fullþjappað AC11 (ÁDU 8.000-15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.

Fyrirhugað er að endurnýja hellulögn á upphækkuðum þverunum og kantsteina samhliða endurnýjun malbiks og skal tímasetning malbiksframkvæmda vera í samráði við verkkaupa.

Svæðið er fjölfarið miðbæjarsvæði með verslun, þjónustu og íbúðum og skal framkvæmdatíminn vera ákveðinn í samráði við umhverfissvið Kópavogsbæjar.



10. Fífuhvamsvegur – milli Salavegar og Versala

Um er að ræða báðar akreinar á Fífuhvamsvegi milli Salavegar og Salalaugar í Versölum með hluta af hringtorgi við Salaveg meðtöldu.

Áætlað flatarmál götunnar sem skal fræsa og yfirleggja er um 2.500 m².

Við endurnýjun á slitlagi skal ekki hækka núverandi yfirborð götunnar og skal fræsa burt núverandi slitlagi. Miðað skal við að lagt verði út malbik með 16 mm steinastærð og fræsing 43 mm.

Verktaki skal fjarlægja fræst efni, þrifa götuna áður en hún er límborin, taka niðurföll í réttar hæðir og leggja 45 mm fullþjappað AC16 (ÁDU > 15.000) ljóst malbiksslitlag á götu.

Um er að ræða umferðarpunga götu og skulu merkingar taka tillit til þessa, hjáleiðir vel merktar og lokanir tilkynntar með minnst sólarhrings fyrirvara.

